

Nd.

## 140. Frumvarp til laga

um verðlag.

Frá allsherjarnefnd.

### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að annaðhvort útsöluverð eða verzlunar-álagning í umboðssölu, heildsölu og smásölu á tilteknum vörutegundum, eða hvorttveggja, megi ekki vera hærra en verðlagsnefnd ákveður. Ríkisstjórnin getur ennfremur heimilað verðlagsnefnd að setja á annan hátt bindandi reglur eða ákvæði um verðlag. Heimild þessi tekur einnig til taxta fyrir viðgerðir, smíði, saumaskap o. s. frv., ef slíkir taxtar koma fram í sambandi við sölu á vörum og byggjast að nokkru leyti á álagningu á efnivörur og vinnulaun.

Undanþegnar hér frá eru þær vörutegundir, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, ennfremur allar vörur, sem seldar eru úr landi.

### 2. gr.

Verðlagsnefnd skal skipuð 5 mönnum og 5 til vara, 1 tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, 1 af Landssambandi iðnaðarmanna, 1 af Sambandi ísl. samvinnufélaga, 1 af Verzlunarráði Íslands og 1 skipuðum af ríkisstjórninni án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Ef einhver þeirra aðila, sem ætlað er að tilnefna mann í nefndina, notar ekki rétt sinn til þess, skipar ráðherra mann í nefndina í hans stað.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

### 3. gr.

Hlutverk verðlagsnefndar er að hafa eftirlit með verðlagi í landinu og setja verðlagsákvæði samkvæmt 1. gr., ef nefndin telur það æskilegt.

Ríkisstjórnin getur, samkvæmt tilnefningu bæjar- eða sveitarstjórna, skipað eftirlitsnefndir á hinum einstöku verzlunarstöðum, verðlagsnefnd til aðstoðar.

### 4. gr.

Verðlagsnefnd skal heimilt að skipta landinu í verðlagssvæði, ef henni þykir ástæða til.

### 5. gr.

Nefndin hefir vald til þess að heimta innan tiltekins tíma upplýsingar bæði frá opinberum stofnunum, embættis- og sýslunarmönnum, svo og einstökum mönnum og fyrirtækjum um innkaupsverð, útsöluverð, framleiðslukostnað og dreifingarkostnað á vörum, svo og hverjar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar til þess að byggja ákvarðanir sínar á.

### 6. gr.

Allar ákvarðanir sínar um hámarksverð, hámarksálagningu eða um aðrar verðlagsreglur eða ákvæði skal verðlagsnefnd þegar í stað tilkynna ráðherra, sem sér um birtingu þeirra. Skulu ákvarðanir nefndarinnar koma í gildi jafnskjótt og þær hafa verið birtar og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið. Birting verðlagsákvæða skal framkvæmd, eftir því sem hagkvæmast þykir, annaðhvort með opinberri auglýsingu eða með bréflægi tilkynningu til þeirra, sem þeim eiga að lúta.

### 7. gr.

Sala á vörum milli verzlana innbyrðis (keðjuverzlun) umfram það, sem almeint tíðkast í hverri verzlunargrein, er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar.

8. gr.

Óheimilt er að reyna að auka eftirspurn eftir vöru með því að auglýsa, að varan muni hækka í verði eða að þurrð muni verða á henni.

9. gr.

Bannað er að hækka hundraðshluta álagningar á vörum eða viðskiptum, samkvæmt 1. gr., sem ekki hafa verið sett undir bein verðlagsákvæði eða verðlögð samkvæmt sérstökum lögum eða undanþegin verðeftirliti samkvæmt lögum þessum, fram yfir það, sem tíðkaðist í viðkomandi vöruflokkum eða viðskiptum fyrir 1. sept. 1939. Ennfremur ber að haga verðlagningunni þannig, að nettóágóðinn verði ekki vegna verðhækkunar vörunnar meiri að upphæð en tíðkaðist á áður nefndum tíma við sölu á sama vörumagni, að viðbættu hæfilegu álagi vegna aukinnar áhættu og kostnaðar við sölu eða framleiðslu vörunnar.

Verðlagsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessum.

10. gr.

Sá, sem hækkar verð á vörum eða í viðskiptum, sem fallið geta undir ákvæði laga þessara, skal, hvenær sem þess er óskað af verðlagsnefnd eða eftirlitsmönnum, vera skyldur til að færa sönnur á, að hækkunin brjóti ekki í bág við ákvæði laganna.

11. gr.

Bannað er að halda vörum, sem keyptar eru eða tilbúnar til sölu, úr umferð, í þeim tilgangi að fá á þeim hærri verzlunarágóða en venjulegur var á þeim tíma, sem þær hefðu að öllu venjulegu átt að seljast.

Óheimil eru samtök í þeim tilgangi að útiloka af markaðnum eða draga úr nauðsynlegum birgðum vara, sem heyra undir verðlagsákvæði.

12. gr.

Verðlagsnefnd getur ákveðið, að samþykktir eða ákvarðanir félaga eða einstakra fyrirtækja um hækkun verðs skuli, ef hækkunin telst að hafa mikla þýðingu að því er snertir verðlag á einni eða fleiri vörutegundum um land allt eða í einstökum héraðum, verða að tilkynnast verðlagsnefnd áður en hækkunin kemur til framkvæmda. Verðhækkunin má ekki, nema verðlagsnefnd undir sérstökum kringumstæðum heimili það, koma til framkvæmda fyrr en 8 dögum eftir að verðlagsnefnd var tilkynnt, að verðhækkunin hefði verið fyrirhuguð.

Ef verðlagsnefnd finnst ástæða til að rannsaka nánar þörfina fyrir verðhækkun, sem tilkynnt hefir verið að fyrirhuguð væri, getur nefndin bannað að hækka verðið fyrr en hún hefir kynnt sér málið nánar, enda skal slíkum athugunum hraðað svo sem auðið er.

Þegar verðlagsnefnd hefir lokið athugunum sínum, skal hún tilkynna hlutaðeiganda, hvort hún hefir nokkuð við hina fyrirhuguðu verðhækkun að athuga.

Verðlagsnefnd birtir opinberlega tilkynningu um það, hvaða vörur eða viðskipti séu tilkynningarskyld vegna verðhækkunar.

13. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara og eftirlit með þeim, svo og um skipun og starfssvið eftirlitsnefnda samkv. 3. gr., setur ríkisstjórnin með reglugerð.

Kostnaður við framkvæmd laganna, þar á meðal þóknun til verðlagsnefndar fyrir störf hennar, sem ráðherra ákveður, greiðist úr ríkissjóði. Kostnaður við eftirlitsnefndir samkvæmt tilnefningu bæjar- og sveitarstjórna skal þó greiddast af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélögum.

14. gr.

Meðlimum verðlagsnefndar og starfsmönnum hennar, svo og öðrum þeim, er kann að verða falið eftirlit með framkvæmd laganna, er bannað, að viðlagðri ábyrgð

eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um eftir skýrslum þeim, sem um getur í 5. gr., að því leyti, sem þær varða einstaka menn og einstök fyrirtæki.

15. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, sem um ræðir í 5. gr., skal sæta 10 til 100 kr. dag-sektum unz skyldunni er fullnægt.

Sá, sem gefur ranga skýrslu til verðlagsnefndar, skal sæta refsingu samkvæmt 156. gr. almennra hegningarlaga frá 1869.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglugerða, sem kunna að verða settar samkvæmt þeim, svo og brot gegn verðlagsákvæðum, sem sett verða samkvæmt lög-unum, varða allt að 10000 króna sektum. Ennfremur er upptækur sá ágóði, sem fæst við brot á lögum þessum eða verðlagsákvæðum, sem sett hafa verið samkvæmt þeim.

16. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 14. gr. og 2. mgr. 15. gr. laga þessara skulu sæta meðferð sakamála. Með mál, sem ris út af öðrum brotum gegn lögum þessum, reglu-gerðum eða verðlagsákvæðum, settum samkvæmt þeim, skal fara að hætti almennra lögreglumála.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 70 31. des. 1937, um verðlag á vör-um, lög nr. 14 12. febr. 1940, um breyting á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Allsherjarnefnd flytur frv. þetta samkvæmt ósk viðskiptamálaráðherra, eftir að hafa gert á því nokkrar minni háttar breytingar, en nefndarmenn hafa óbundnar hendur um málið, og mun nefndin athuga það nánar fyrir 2. umr. Eftirfarandi at-hugasemdir og skýringar fylgja frv.:

Framangreint frumvarp að lögum um verðlag er byggt á núgildandi lögum með breytingum og viðaukum, sem komið hefir í ljós við framkvæmd laganna, að æski-legt er að fá, og sem núverandi viðskiptaástand gefur tilefni til.

Nefndir viðaukar og breytingar, sem hér er lagt til að gera á lögnum, eru að langmestu leyti sniðnir eftir löggjöf nágrannaríkja vorra um sama efni.

Skulu þá hér með gefnar skýringar á breytingum og viðaukum samkvæmt ein-stökum greinum.

Um 1. gr.

Í sambandi við setningu hámarksálagningar hefir verðlagsnefnd einnig, sam-anber auglýsingu í Lögbirtingablaðinu 31. marz 1939, sett reglur um verðlagning. En með því að nokkur vafi hefir þótt leika á því, að verðlagsnefnd hafi samkvæmt gildandi lögum haft rétt til að setja slíkar reglur, sem þó mega teljast óumflýjanlegar, er hér með lagt til að gefa verðlagsnefnd þennan rétt, með því að bæta inn í lög-in heimild fyrir verðlagsnefnd til að setja á annan hátt bindandi reglur eða ákvæði um verðlag en sem beinlínis felast í hámarksverði eða hámarksálagningu. Verðlagsnefnd telur ennfremur, að ákvæðin um hámarksverð eða hámarksálagningu séu ekki al-gerlega hentug við verðlagning ýmsra innlendra iðnaðarvára, sem framleiddar eru úr breytilegum efnum og með breytilegri gerð. Telur nefndin samt, að í mörgum slíkum tilfellum væri hægt að finna grundvöll til þess að ganga út frá við verðlag-ningu, og gæti komið til mála að auglýsa slíkan grundvöll sem leiðarvisi fyrir iðnrek-undur við verðlagningu ákveðinna vörutegunda. Mundi þetta þá í framkvæmdinni

verða þannig, að iðnrekandinn breytti verðinu í samræmi við það, sem hann um efni og gerð hvikaði frá þeim grundvelli, sem auglýstur hefði verið.

Það verður að teljast eðlilegt og nauðsynlegt, enda í samræmi við tilgang laganna, að verðlagsnefnd geti haft ihlutun um verðlag allra helztu nauðsynja almennings, sem ekki eru verðlagðar samkvæmt sérstökum lögum, og heyra undir slíkar nauðsynjar t. d. skóviðgerðir, fatasaumur o. s. frv. En eins og lögin eru nú, þykir ekki ótvírátt, að verðlagsnefnd hafi heimild til að setja verðlagsákvæði um þessi atriði. Er því hér með lagt til að bæta úr þessu.

Lagt er til að undanþiggja frá verðlagsákvæðum vörur, sem seldar eru til útlanda, og er það í samræmi við hliðstæða löggjöf nágrannaþjóða vorra.

#### Um 3. gr.

Skilgreining á hlutverki verðlagsnefndar og því, hverjir skulu annast eftirlitið, er hér breytt í samræmi við það, sem hefir orðið framkvæmd núgildandi laga. Er þó aukið við heimild fyrir ríkisstjórnina til að skipa samkvæmt tilnefningu sveitar- eða bæjarstjórna eftirlitsnefndir á hinum einstöku verzlunarstöðum, verðlagsnefnd til aðstoðar. Er þetta svipað því, sem tíðkast hjá nágrannaþjóðum vorum, nema hvað þar er beinlínis ákveðið, að slíkar eftirlitsnefndir skuli skipaðar, enda viðfangsefnin þar umfangsmeiri.

#### Um 7. og 8. gr.

Ákvæði þessara greina verða að teljast eðlileg og nauðsynleg, enda sniðin eftir ákvæðum nágrannaþjóða vorra.

#### Um 9. og 10. gr.

Flestar þjóðir reyna nú af fremsta megni að sporna við óeðlilegri verðbólgu, sem hætta er á, að núverandi styrjaldarástand geti skapað. Þannig var í nágrannalöndum vorum strax í byrjun stríðsins bannað að hækka verð á gömlum vörubirgðum. Bannað að hækka hundraðstölu álagningar á nýjum vörum o. s. frv. Var þetta einnig gert hér með bráðabirgðalögum 6. okt. 1939, og hafa þau lög staðið óbreytt síðan.

Nú er það sýnt, að þegar vörur hækka að innkaupsverði, verður óeðlilegt, að verðlanir haldi sömu hundraðstölu-álagningu og áður, ef aukinn kostnaður þeirra gefur ekki tilefni til þess. Þykir því nauðsynlegt að setja frekari takmörk um álagningu en gert var í nefndum bráðabirgðalögum. Ákvæði nefndra greina þessa frumvarps eru mjög samhljóða dönskum ákvæðum um sama efni. Ákvæði þessi ná til þeirra vörutegunda, sem verðlagsnefnd setur ekki sérákvæði um.

Norsk ákvæði um þetta efni hafa verið mun strangari. Þar hefir verið algerlega bannað án sérstaks leyfis að hækka vöruverð nema sem svaraði hækkuðu innkaupsverði tilbúinnar vöru eða hráefna.

Í Englandi er bannað að hækka fjölda nauðsynjavara nema fyrir hækkuðu innkaupi eða sannanlega auknum kostnaði við sölu varanna eða framleiðslu, og eru refsingar lagðar við, ef út af er brugðið.

#### Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar verða að teljast eðlileg og nauðsynleg, enda í samræmi við hliðstæð ákvæði nágrannaþjóðanna.

#### Um 12. gr.

Frá því að gengisbreytingin varð í apríl s. l. hefir það yfirleitt verið svo, að helztu iðnaðar- og verzlunarfyrirtæki hafa, án þess að þeim bæri þó nokkur lagaleg skylda til þess, borið undir verðlagsnefnd verðhækkunar, sem fyrirtækin hafa talið sér þörf á. Þó að þetta hafi gengið sæmilega, getur samt verið óþægilegt fyrir verðlagsnefnd að hafa ekki skýlausa lagaheimild til að krefjast þess að fá fyrirfram tilkynningu um fyrirhugaðar verðbreytingar, og er því hér með lagt til að veita verðlagsnefnd þessa heimild.

Ákvæðin eru mjög samhljóða dönskum ákvæðum um sama efni.

## Fylgiskjal I.

### ÚTDRÁTTUR

úr tilskipun danska verzlunar-, iðnaðar- og siglingamálaráðuneytisins,  
dags. 19. okt. 1939, varðandi verðlag á vörum o. fl.

#### 3. gr.

Verðskráning skal gerð með hliðsjón af markaðsástandinu, þar á meðal innkaupsverðinu og framleiðslukostnaðinum, sé um vörur að ræða, sem framleiddar eru hér í landinu.

Verðskráning sú, er á hverjum tíma gildir um sölu á vöru, skal höfð til hliðsjónar við verðreikning viðkomandi vöru.

#### 4. gr.

Verðskráninganefndin getur, í samráði við verðlagsráðið, lagt tillögur fyrir verzlunar-, iðnaðar- og siglingamálaráðherra um ákvörðun hámarks á vörum, ef ástæður þykja til.

Sé um vörur að ræða, sem einkum snerta landbúnaðar- og fiskimálaráðuneytið, skal leggja tillöguna fyrir landbúnaðar- og fiskimálaráðherra.

#### 5. gr.

Vörur, sem verzlunar-, iðnaðar- og siglingamálaráðherra eða landbúnaðar- og fiskimálaráðherra hefir sett hámarksverð á, má á engan hátt, ekki heldur á uppboði, bjóða, selja eða kaupa hærra verði en hinu ákveðna.

Sala slíkra vara skal fara fram á venjulegan hátt, og má ekki vera bundin skilyrðum um kaup á öðrum vörum eða þess háttar.

#### 6. gr.

Vörur, sem hámarksverð hefir verið sett á, má ekki í söluskyni blanda eða setja saman við aðrar vörur, nema slík blöndunarvara hafi verið í verzluninni fyrir 3. sept. 1939, eða hámarksverð hafi verið sett á blöndunarvöruna. Þetta á þó ekki við um þær vörur, þar sem um blöndunarhlutföllin gilda sérstakar reglur, sem viðurkenndar eru af opinberum stjórnarvöldum.

Sala blöndunarvöru, sem brýtur í bága við ofangreint, er bönnuð.

#### 8. gr.

Atvinnurekendur mega því aðeins gera verðhækkanir, að þeir, hvenær sem er og á fullnægjandi hátt, geti skjalfest, að skilyrðum þeim sé fullnægt, sem í tilkynningu þessari felast, sbr. 13. gr.

#### 9. gr.

Milliliðaverzlun, önnur en sú, sem tíðkast í viðkomandi verzlunargrein („keðjuverzlun“), er óleyfileg, nema hún sé gerð án hagnaðar.

Eftir að hafa rætt við hlutaðeigandi stéttarfélög getur verðlagsráðið ákveðið, með hliðsjón af ríkjandi venjum, hve oft sala á vöru má fara fram innan hvernar verzlunargreinar. Verðlagsráðið sér um birtingu þeirra ákvæða, sem sett eru í þessu skyni.

Við sölu á vöru til annara en neytenda ber seljanda að greina skilmerkilega frá því á sölureikningnum, hvort hann hefir keypt vöruna af þeim, sem framleiddi hana, eða flutt hana inn eða af millilið.

#### 10. gr.

Bannað er að draga út úr verzlun vörur þær, sem inn eru fluttar eða framleiddar í söluskyni, sé það gert með það fyrir augum að fá hærri ágóða en hægt er að reikna með á þeim tíma samkv. ákvæðum þessarar tilkynningar.

Samningar eða samstarf, sem miðar að því að draga úr venjulegum markaðs- birgðum af vörum, sem hámarksverð hefir verið sett á, er óleyfilegt.

11. gr.

Verzlunar-, iðnaðar- og siglingamálaráðherra getur lagt bann við því, að vörur eða vöruflokkar séu settir á frjálst uppboð.

Sé um vöruflokka að ræða, sem einkum snerta landbúnaðar- og fiskimálaráðuneytið, skal nefnd ákvörðun framkvæmd af landbúnaðar- og fiskimálaráðherra.

12. gr.

Bannað er með auglýsingastarfsemi eða á annan hátt að leitast við að auka eftirspurn vara með því, beint eða óbeint, að skírskota til væntanlegra verðhækkana, vöruskorts eða þess háttar.

Einnig er bannað að auglýsa á nokkurn hátt kaup, sölu eða skipti á neyzluvörum, áburðar- og fóðurvörum, eldsneyti, ljósmeti, ónotuðum fatnaði (þ. á m. skófatnaði) og öðrum tóvinnu- og vefnaðarvörum, þvottaefni, byggingarefni, ásamt hrávörum og hálfunnum vörum til iðnaðar, án þess að tilgreina nafn auglýsandans eða fyrirtækisins, ásamt heimilisfangi og verzlunarstað. Hið sama gildir um vörur, sem hámarksverð hefir verið sett á.

13. gr.

Eftir að hafa rætt við hlutaðeigandi stéttarfélög getur verðlagsráðið ákveðið, að félög eða einstaklingsfyrirtæki, sem gert hafa samninga, samþykktir eða ákvarðanir, sem haft geta veruleg áhrif á verðlagið á einni eða fleiri vörutegundum á öllu landinu eða í einstökum landshlutum, skuli tilkynna verðlagsráðinu væntanlegar verðhækkanir. Verðhækkunin getur fyrst komið til framkvæmda 8 dögum eftir að tilkynningin er komin í hendur verðlagsráðinu, nema verðlagsráðið undir vissum kringumstæðum leyfi annað.

Tilkynningar þeirrar, er um getur í 1. mgr., er aðeins hægt að krefjast fyrir vörur af þeim flokkum, sem nefndir eru í 2. mgr. 12. gr. Verðlagsráðið birtir lista yfir þær vörur eða vöruflokka, sem á hverjum tíma er skylt að tilkynna um.

Telji ráðið nauðsynlegt, að athugun og umræður eigi sér stað um tilkynnta verðhækkun, getur ráðið ákveðið, að hækkunin komi ekki til framkvæmda fyrr en umræddum athugunum og umræðum, sem flýta ber af fremsta megni, er lokið.

Að athugunum og umræðum loknum tilkynnir verðlagsráðið, hvort það telur hina væntanlegu verðhækkun brjóta í bága við ákvæði þessarar tilkynningar. Komi verðhækkun til framkvæmda gegn samþykki ráðsins, skal afhenda málið ákærvaldinu.

14. gr.

Verðlagsráðinu ber að fylgjast með verðlaginu í landinu og hafa eftirlit með því, að ákvæði þau, sem um getur í 5.–13. gr., séu haldin.

Við meðferð mála, er snerta ákvæði þessarar tilkynningar, taki sæti í ráðinu þrír atkvæðisbærir nefndarmenn, tilnefndir af verzlunar-, iðnaðar- og siglingamálaráðherra í samráði við landbúnaðar- og fiskimálaráðherra, og skulu þeir hafa sérþekkingu á þeim sviðum atvinnulífsins, sem ekki eiga þegar fulltrúa í ráðinu.

15. gr.

Verzlunar-, iðnaðar- og siglingamálaráðherra skipar í hverju umdæmi eina eða fleiri verðlagsnefndir, er hafa það hlutverk með höndum að fylgjast með verðbreytingum og aðstoða verðlagsráðið og yfirvöldin á hverjum stað við eftirlitið með því, að fylgt sé ákvæðum þessarar tilskipunar.

## Fylgiskjal II.

### ÚTDRÁTTUR

úr norskum verðlagslögum frá 9. september 1939.

3. gr.

#### Ákvarðanir um verð á vörum og viðskiptum, sem ekki eru undir verðskráningarákvæðum.

Bannað er fyrst um sinn, án samþykkis eftirlitsskrifstofunnar, að taka herra verð fyrir vörur eða viðskipti, sem ekki eru undir slíkum verðskráningarákvæðum og þeim, sem um getur í 1. gr., en það, sem tíðkaðist í viðkomandi umdæmi 31. ágúst 1939. Frá þessu eru eftirfarandi undantekningar:

- a. Innflytjendum, sem keypt hafa inn vörur til landsins eftir 31. ágúst 1939, sé leyfilegt að hækka útsöluverð sitt, ef innkaupsverðið hefir hækkað eftir nefndan dag. Hækkunin má ekki vera meiri en sem svarar hinu hækkaða innkaupsverði. Hækkunin gildir aðeins um þær vörur, sem keyptar eru inn við herra verðinu, og kemur fyrst til framkvæmda — hvað „lager“vörur snertir — eftir að viðkomandi innflytjandi hefir selt að fullu samskonar ódýrari birgðir sínar. Með innkaupsverði er átt við, hvað hinar innfluttu vörur kosta komnar á „lager“ innflytjandans. Eftir umsókn frá félögum sérverzlana (bransjesamenslutning) getur eftirlitsskrifstofan samþykkt, að innflytjendurnir ákveði meðalverð á nýjum og gömlum birgðum.
- b. Innlendir framleiðendur geta hækkað útsöluverð sitt, ef framleiðslukostnaðurinn hefir aukizt vegna hækkunar á verði hráefna síðan 31. ág. 1939. Hækkunin má ekki vera meiri en sem svarar til hækkunar hráefnaverðsins. Hækkunin má aðeins ná til þeirra vara, sem framleiddar eru úr hinum dýrari hráefnum, og má fyrst koma til framkvæmda eftir að ódýrari hráefnabirgðir framleiðandans eru þrotnar og hann hefir selt upp birgðir sínar af ódýrara framleiddum vörum sömu tegundar og þær, sem verðhækkunin skal ná til. Eftir umsókn frá félagi sérverzlana getur eftirlitsskrifstofan samþykkt, að framleiðendurnir ákveði meðalverð á hinum ódýrara og dýrara framleiddu vörum.
- c. Kaupmenn eða aðrir atvinnurekendur, sem eftir 31. ág. 1939 hafa keypt inn vörur til smásölu við verði, sem löglega er herra en tíðkaðist 31. ág. 1939, geta hækkað útsöluverð sitt samkvæmt því. Hækkun má þó aðeins verða á þeim vörum, sem viðkomandi atvinnurekandi hefir keypt inn við herra verði, og hækkunin má fyrst koma til framkvæmda eftir að hann hefir selt upp birgðir sínar af ódýrari vörum sömu tegundar.

Hækkun á rekstrarkostnaði eða á öðrum kostnaði fram yfir það, sem að ofan er greint undir a, b og c, veitir ekki rétt til hækkunar á útsöluverði án sérstaks samþykkis eftirlitsskrifstofunnar.

4. gr.

#### Skylda um að senda tilkynningar um verðhækkunir samkv. 3. gr.

Verðhækkunir samkv. 3. gr. a og 3. gr. b verða að tilkynnast viðkomandi félagi sérverzlana í síðasta lagi daginn áður en verðhækkunin kemur til framkvæmda. Ef ekki er fyrir hendi sérstakt félag sérverzlana, skal senda tilkynningu til „Norges Handelsstands Forbund“, þegar um innfluttar vörur er að ræða, til „Norges Industriforbund“, þegar um norskar iðnaðarvörur er að ræða, og til „Norges Haandværkerforbund“, þegar um handiðnaðarvörur er að ræða. Með tilkynningunni skulu sendast þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til glöggvunar á, hvort hækkunin sé réttmæt og í samræmi við fyrirmælin í 3. gr. a eða b.

Ef viðkomandi félag álitur, að næg skilyrði séu ekki fyrir verðhækkun eða að hún nemi meiru en heimilt sé, skal það leggja til við viðkomandi atvinnurekanda að afnema eða minnka hækkunina. Hvernig sem á stendur, skal tilkynningin í

slíkum tilfellum undir eins sendast áfram til eftirlitsskrifstofunnar með upplýsingum um afstöðu félagsins. Skrifstofan getur í öllum tilfellum tekið ákvörðun um afnám eða breytingu verðákvörðunarinnar samkv. 3. gr.

5. gr.

**Bann við ónauðsynlegri milliliðaverzlun.**

Bannað er að hækka verð vöru eða viðskiptaatriða (ytelse) með ónauðsynlegri milliliðaverzlun.

6. gr.

**Bann við að halda vörum úr umferð.**

Bannað er að halda vörum úr umferð, sem eigandinn hefir keypt inn eða framleitt í þeim tilgangi að selja þær.

Vörum er haldið úr umferð, þegar eigandinn neitar að selja þær við löglega ákveðnu verði, vegna þess að honum finnst það of lágt. Það skal álitast sem neitun, þegar eigandinn þrátt fyrir áskorun ráðuneytisins, eftirlitsskrifstofunnar eða eftirlitsnefndar selur ekki við hinu ákveðna verði. Áskorun er hægt að senda hverjum vörueiganda sérstaklega, eða með almennri birtingu.

Það skal ekki álitast, að vörum sé haldið úr umferð, að atvinnurekandi skipuleggi sölu sína á sanngjarnan hátt.

7. gr.

**Bann gegn ósanngjörnum verzlunarskilyrðum og gegn því að sniðganga verðlagslögin.**

Bannað er

- a. að setja ósanngjörn verzlunarskilyrði,
- b. að taka eða krefjast hverskonar aukauppbótar (gjalds) til viðbótar verði því eða gjaldi, sem ákveðið er af eftirlitsyfirvöldunum eða af öðrum samkvæmt umboði frá þeim,
- c. að framkvæma nokkuð annað með það fyrir augum að sniðganga eða vinna á móti verðlagsákvæðunum.

8. gr.

**Leyfi fyrir undanþágum.**

Eftirlitsskrifstofan getur gert undantekningar frá ákvörðunum í þessari birtingu.

Hægt er að leggja ákvörðun eftirlitsskrifstofunnar innan 8 daga eftir að viðkomandi hefir fengið tilkynningu um hana fyrir eftirlitsráðið. Kæran hefir ekki frestandi áhrif.

9. gr.

**Hverskonar atvinnurekstrar fyrirmælin ná til.**

Ákvarðanir í þessari birtingu gilda fyrir allskonar einka- og bæjaatvinnurekstur að undanskildri vinnu í þjónustu annara.

Ákvarðanirnar eiga þó ekki við um sölu til útlanda.

### Fylgiskjal III.

## VERÐLAGSÁKVÆÐI

á búsáhöldum<sup>1)</sup> og fatnaði í Englandi.

Lauslég þýðing á grein í „The Times“ 19. des. 1939.

Brezka verzlunarráðuneytið (Board of Trade) hefir nú gefið út fyrstu tilskipun sína samkvæmt lögum um verðlag á vörum, og gengur tilskipunin í gildi hinn 1. jan.

Aðaltilgangur laga þessara er að hamla á móti þeirri flóðöldu, sem skapast af samtvinnaðri áframhaldandi hækkun vöruverðs og kaupgjalds, sem að lokum gæti leitt til hins alvarlegasta gengishruns.

Samkvæmt lögnum er það glæpsamlegt athæfi að selja vörur, sem verðlagsákvæði gilda um, fyrir herra verð en var á samskonar vörum hinn 21. ág. 1939, að viðbættu því, sem nemur raunverulegri hækkun á kostnaðarverði vörunnar og tilkostnaði við sölu hennar eða framleiðslu.

Í tilskipuninni er sundurliðun á fjölda vörutegunda, sem þegar hafa verið settar undir verðeftirlit. Lögin stefna fyrst um sinn aðallega að því að vernda hina fátækari alþýðu manna, og hafa því dýrari vörutegundir yfirleitt ekki verið teknar undir verðeftirlit. En þessu er hægt að breyta með viðtækari tilskipun hvenær sem ástæða þykir til.

#### Heimil verðhækkun.

Föt karla, kvenna, unglinga og barna eru sérstaklega flokkuð í tilskipuninni og hámarksmásöluverð hvernar vörutegundar eins og það var hinn 21. ág. 1939 tilgreint. Þannig verða t. d. karlmannaföt, sem kostuðu þá allt að £4-5-0, undir verðeftirliti, og mega verzanir aðeins taka hina leyfðu hækkun, þ. e. þá hækkun á grunnverði, sem telst sanngjörn miðað við breytt skilyrði síðan 21. ág.

Í sumum tilfellum er ekkert verðtakmark sett í tilskipuninni. Þetta þýðir það, að allar tegundir vara, dýrari og ódýrari, sem tilheyra þeim flokki, eru settar undir verðlagsákvæði. Þessum flokki tilheyra t. d. vinnuföt, oliuföt o. fl. o. fl.

#### Meðferð kvartana.

Til þess að hafa eftirlit með framkvæmd laganna eru settar á stofn verðlagsnefndir í ákveðnum umdæmum, og ein yfirverðlagsnefnd. Í Bretlandi verði 16 undirnefndir og 1 í Norður-Írlandi. Umdæmi nefndanna munu verða ákveðin í samræmi við það, sem landinu er skipt vegna landvarnanna, með þeirri breytingu þó, að Wales hefir verið skipt í 2 umdæmi og Skotlandi í 4 umdæmi.

Nöfn formanna og skrifstofustjóra nefndanna munu verða tilkynnt bráðlega, svo og hvar skrifstofur nefndanna eru.

Eftirlitsmenn verða engir hafðir, þannig að framkvæmd laganna verður mikið komin undir fólkinu sjálfu. Hver, sem hefir grun um, að verð vöru hafi hækkað meira en leyft mundi samkvæmt verðlagsákvæðunum, ætti að láta verðlagsnefndina í sínu umdæmi vita, og mundi hún þá athuga málið. Ef nefndinni virðist, að smásali, heildsali eða framleiðandi hafi brotið lögin og álitur, að kæra beri hinn brotlega, sendir umdæmisnefndin skýrslu um málið til yfirverðlagsnefndar. Yfirverðlagsnefndin kynnir sér málið, og sé hún á sömu skoðun og umdæmisnefndin, mun hún leggja til við verzlunarmálaráðuneytið, að mál verði höfðað. Þung hegning getur legið við brotum. Ráðstafanir eru gerðar til að fyrirbyggja, að sloppið verði undan eftirliti.

---

1) Hér undir eru taldar allskonar vörur.